

KJARASAMNINGUR

milli

Rafiðnaðarsambands Íslands

og

Samtaka atvinnulífsins vegna Mílu ehf.

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning SA vegna Mílu ehf. og Rafiðnaðarsambands Íslands.

2. gr.

Inngangur - megininntak

Kjarasamningur þessi byggir á Stöðugleikasamningum sem undirritaður var milli SA og sambanda og félaga ASÍ í mars 2024. Meginmarkmið Stöðugleikasamningsins er að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta, sem er mikið hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Jafnframt er markmið samningsins að auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Samningurinn kveður einnig á um framleiðniauka til alls launafólks, sem byggir á mældri framleiðni, og kauptaxtaauka á kauptaxta kjarasamninga.

3. gr.

Launabreytingar

Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja kjarasamningi þessum. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. febrúar 2024:	3,25% eða 23.750 kr.
1. janúar 2025:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2026:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2027:	3,50% eða 23.750 kr.

Kjarasamningi þessum fylgja launatöflur vegna árána 2024 – 2027, sem eru hluti samningsins.

Kjaratengdir liðir kjarasamninga

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka sem hér segir, nema um annað hafi verið samið:

1. febrúar 2024:	3,25%
1. janúar 2025:	3,50%
1. janúar 2026:	3,50%
1. janúar 2027:	3,50%

EF
JPL
10 AP

4. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2024 123.000 kr.
Á árinu 2025 127.000 kr.
Á árinu 2026 132.000 kr.
Á árinu 2027 136.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 verði orlofsuppbót kr. 58.000.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verði orlofsuppbót kr. 60.000.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verði orlofsuppbót kr. 62.000.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verði orlofsuppbót kr. 64.000.

5. gr.

Breytingar á ýmsum ákvæðum kjarasamnings:

Eftirfarandi breytingar verða á greinum 4.2.1 og 4.3.1 frá og með 1. maí 2024:

Nýr fyrsti málsliður gr. 4.2.1. hljóði svo: Iðn- og fagmenntaðir njóta eins dags vetrarorlofs.

Grein 4.3.1. orðist svo: Starfsmaður skal á fyrsta starfsári fá 10,17% orlofsfé af yfirvinnu og álagsgreiðslum. Iðn- og fagmenntaðir njóta þá 10,64% orlofsfé við ráðningu. Eftir eins árs starf hjá fyrirtæki hækkar orlofsfé þetta í 11,59%. Eftir þriggja ára starf hjá fyrirtæki hækkar orlofsfé þetta í 13,04%.

6. gr.

Samningsforsendur

Um samningsforsendur, breytingar á samningsákvæðum, kauptaxtauka, framleiðniauka og viðbrögð við forsendubresti fer skv. almennum kjarasamningum sambanda og félaga ASÍ frá mars 2024. Verði almennum kjarasamningum sagt upp skal uppsögn einnig ná til þessa samnings.

Gildistími


Gildistími kjarasamnings þessa er frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur hann þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Afgreiðsla kjarasamningsins


Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 15:00 10. apríl 2024.

Reykjavík 26. mars 2024

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands


Benóný Harðarson
Jakob Þ. Lecksson

F.h. Samtaka atvinnulífsins vegna Mílu ehf.


Rósa Þorðarsdóttir
Rebecka Jalsdóttir

Kjarasamningur SA og RSÍ

Kauptaxtar á samningstímabilinu

Án sveinsprófs

	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
Grunnlaun	466.459	490.391	514.306	538.207
Eftir 1 ár	471.124	495.295	519.449	543.589

	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
3 ára fagnám	541.316	569.088	596.841	624.577
4 ára fagnám	554.655	583.112	611.549	639.969
5 ára sveinspróf	585.304	615.333	645.341	675.331

10 ára sveinspróf / rafiðnfræðingur / meistari

	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2027
Byrjendalaun	604.861	635.894	666.905	697.897
Rafiðnfræðingur eftir 3 ár	622.488	654.425	686.340	718.235

EFTIR
JÓL
A